

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 6. mars 2023 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málþing í maí

Málþing verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 4. maí um sambýli íslensku og ensku. Haldin verða sex 15 mínútna erindi. Rætt var um hugsanlega fyrirlesara á málþinginu.

2) Málræktarþing

Málræktarþing verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 28. september. Málræktarþingið mun fjalla um fjölmenningsamfélagið sem er samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2020–2024 er megináhersla í starfi nefndarinnar árið 2023. Haldin verða sex 10 mínútna erindi. Rætt var um skipulag málræktarþingsins.

3) Önnur mál

a) Leiðbeiningar við mótun málstefnu

Kynnt voru drög að leiðbeiningum við mótun málstefnu fyrir sveitarfélög stofnanir og skóla.

b) Talgreinir

Ábending barst um ýmsa annmarka á texta sem kemur frá talgreini sem notaður er á Alþingi. Málið rætt og verður hugsanlega tekið fyrir á málþingi síðar.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17:50

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.